



Hljóðbókasafn Íslands

Fyrir blinda, sjónskerta og
þrentleturshamlaða



Starfsskýrsla Hljóðbókasafns Íslands 2024

Hljóðbókasafn Íslands veitir öllum sem búa við
sjónskerðingu eða lestrarörðugleika
tækifæri til að njóta bóka og stunda nám



EFNISYFIRLIT

Frá forstöðumanni	3
Hljóðbókasafn Íslands, hlutverk og markmið	4
Skipurit	6
Innra starf	7
Helstu verkefni útlána- og upplýsingadeildar	8
Helstu verkefni framleiðslu- og tæknideildar	9
Umbætur á kerfum	10
Nýr vefur og stafrænt pósthólf	11
Stefnumótun og áherslur	12
Fjármál	13
Húsnaðismál	14
Gervigreind og máltaekni	15
Samstarf	16
Rithöfundasambandið og Myndstef	16
Þjónustan við okkar fólk	17
Hnignandi lestrargeta	17
Hvatningarverðlaun frá ADHD samtökunum	18
Samráðshópur	18
Millisafnalán og bókaveitan ABC	19
Norraent samstarf	19
Safnkostur	20
Útgáfa án aðgreiningar	21
Kynningarstarf	21
Hlaupastyrkur í Reykjavíkurmaráþoni	22
Góður starfsandi endurspeglar góða þjónustu	23
Lykiltölur	24
Grunnupplýsingar	26
Lesrarar 2024	27
Listi yfir bækur gerðar aðgengilegar 2024	28

Hljóðbókasafn Íslands 2025

Ábyrgðarmaður: Marín Guðrún Hrafnsdóttir

Umbrot: Blek | blekhonnun.is Forsíða: Vorferð starfsmanna 2024

Prentun: Háskólaprent

Myndir: Íris Stefánsdóttir, Sigurður Bogi Sævarsson og starfsmenn safnsins.

Starfsskýrslan er aðgengileg fyrir þá sem eiga erfitt með prentað letur á www.hbs.is og í appinu HBS.

Frá forstöðumanni

Marín Guðrún Hrafnssdóttir



Árið 2024 gekk að mestu leyti vel og tókst að fjarlægja bókartitum lítillega á milli ára, ekki síst vegna styrkja úr sjóðum og frá einstaklingum. Í heildina bættust við 376 bókartitlar, 295 bækur voru lesnar inn en að auki voru 50 hljóðrit keypt af útgefendum. Stigið var stórt skref í að bæta stafræn miðlunarkerfi safnsins og gera þau öruggari með uppsetningu nýs bakendakerfis. Í framhaldi var unnið að því að innleiða nýtt app og er stefnt að því að nýja appið komist í loftið um mitt ár 2025.

Hlutverk Hljóðbókasafns Íslands er með allt öðrum hætti en markaðarins, þ.e. útgefenda og streymisveitna á borð við Storytel. Um er að ræða nauðsynlega og lögbundna stuðningsþjónustu við þá sem ekki geta fært sér venjulegt prentað letur í nyt. Þetta er gert með miðlun á aðgengilegu fjölbreyttu safnefni, þar á meðal námsgögnum, í sem bestu samræmi við óskir og þarfir notenda. Þeir sem nýta þjónustu safnsins mest eru blindir, sjónskertir og elsti aldurshópurinn.

Eins og með margar menningarstofnanir stendur þessi ríkisstofnun á herðum frumkvöðla sem sáu þörfina og brettu upp ermar. Innlestur bóka á Íslandi hófst árið 1955 á vegum Blindravinafélagsins og varð mögulegur með tilkomu segulbandstækninnar. Það eru því tæp 70 ár frá því fyrstu hljóðbækurnar á íslensku urðu til og því engan vegginn nýjar af nálinni fyrir tiltekinn hóp.

Miklar breytingar hafa orðið á miðlun hljóðbóka og í dag hlusta flestir á bækur safnsins yfir netið. Mikil vinna fer í að uppfæra tölvu- og dreifikerfi og tryggja öryggi gagna. Í heimi tæknibreytinga þarf þó alltaf að passa upp á að útiloka ekki einhverja hópa og finna jafnvægi í þjónustuleiðum. Nauðsynlegt er að fylgjast vel með tæknipróun, taka þátt í Máltaekniáætlun og þróun nýrra miðlunarleiða en verja um leið þann lánþegahóp sem reiðir sig á eða kýs annars konar tækni, svo sem vefvarp Blindrafélagsins og geisladiska.

Hljóðbókasafn Íslands, hlutverk og markmið

Hljóðbókasafn Íslands stuðlar með starfsemi sinni að auknu læsi og bættu aðgengi að bókmenntum, námsbókum og öðrum útgefnum textum.

Safnið heyrði undir menningar- og viðskiptaráðuneytið á árinu en með fækkun ráðuneyta færast menningarmál undir nýtt ráðuneyti á árinu 2025. Safnið var stofnað árið 1982, þá nefnt Blindrabókasafn Íslands. Hlutverkið er skýrt í lögum og í þeim eru skilgreind meginverkefni en safnið starfar eftir reglugerð frá árinu 2013, bókasafnalögum nr. 150/2012 og höfundalögum nr. 73/1972. Sú grein höfundalaga sem fjallar um safnið er 19. greinin og var hún endurskoðuð og endurbætt mikið á árinu 1921. Hluti af c-lið þeirrar greinar tók svo gildi í júlí 2023, þegar Marakess-sáttmálinn hafði öðlast gildi að því er Ísland varðar en hann kveður á um aðgengi blindra, sjónskertra og þeirra sem glíma við aðra prentleturshömlun að höfundarréttarvörðu efni þvert á landamæri.

Starfsemi safnsins snýst um réttindi fyrir fatlað fólk og aðra sem ekki geta lesið prentað mál. Safnið er viðurkennnd eining í skilningi 3. töluliðar 19. gr. a höfundalaga og er heimilt skv. 2. mgr. 19. gr. c sömu laga að nota verk og annað efni sem nýtur verndar skv. höfundalögum á þann hátt sem þar greinir.

Lögbundið hlutverk er að veita bókasafnsþjónustu fyrir þann hóp sem ekki getur lesið prentað mál skv. skilgreiningu ákvæða 19. gr. b til 19. gr. e í höfundalögum. Þetta er gert með því að framleiða efni á aðgengilegu formi og miðla til þeirra sem á þurfa að halda. Safnið er ekki opið öllum og þurfa lánþegar að skila inn vottorði frá sérfræðingi um lestrarhömlun.


Markmið og stefna stofnunarinnar er fyrst og síðast að opna aðgang að hvers konar prentuðum texta fyrir fólk sem ekki getur lesið prentað mál og efla þannig og bæta þjónustu við lestrarhamlaða einstaklinga. Sérstök áhersla er lögð á að þjónusta blinda og sjónskerta og gera nemendum sem glíma við lestrarerfiðleika kleift að nálgast námsefni sem búið er að gera aðgengilegt.

Hljóðbókasafn Íslands stuðlar með starfsemi sinni að auknu læsi og bættu aðgengi að bókmenntum, námsbókum og öðrum útgefnum textum. Þannig miðar starfsemin að því að uppfylla fyrir hönd íslenska ríkisins ákvæði sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og jafnt aðgengi.

Safnið gegnir því bæði mikilvægu félagslegu og menningarlegu hlutverki.

„Ég vil þakka ykkur fyrir hvað þið eruð dugleg að hafa bækur fyrir okkur sem ekki getum lesið okkur til gagns, þetta hefur opnað nýjan heim fyrir mér.“

Skipurit



Innra starf

Ljóst er að ekki næst að gera öllu útgefnu efni á Íslandi skil á safninu og fer því í raun fjarri. Ár hvert eru um 350–400 bækur gerðar aðgengilegar fyrir lánþega og er áhersla lögð á fjölbreytt úrvall bóka fyrir börn og fullorðna auk námsefnis fyrir framhaldsskóla.

Safnið er að miklu leyti rafrænt og mikil vinna hefur átt sér stað til að tryggja sem best öryggi gagna og safnkosts. Þá voru á árinu stigin mikilvæg skref til þess að koma nýrri og betri útgáfu af appi Hljóðbókasafnsins í loftið og fer sú vinna fram í samstarfi við danska systursafnið Nota.

Innra starf miðar að því að þróa leiðir til bættrar þjónustu og mæta, eins og hægt er, ólíkum þörfum lánþega.

Mikilvægast er að tryggja sem best að nýjar bækur komi sem fyrst inn á safnið, hnökralausa þjónustu og að rafrænar miðlunarleiðir virki án vandkvæða.

Safnið er vakandi fyrir breytti stöðu hljóðbókarinnar, bæði á markaði og þegar kemur að aðgengiskröfum sem skerpast með auknum réttindum borgaranna. Safnið fylgist vel með framförum á sviði þjónustu og miðlunar efnis til blindra, sjónskertra og annarra prentleturshamlaðra, meðal annars með virku norrænu samstarfi og samstarfi við útgefendur.

Samstarf við hagaðila, svo sem rithöfunda, þýðendur, sérkennara og útgefendur, er hluti starfseminnar enda byggir starfsemin á að koma út íslenskum og þýddum bókum sem gefnar eru út á Íslandi. Gott samstarf er við söfnin á Norðurlöndum um efni á öðrum tungumálum.

Hljóðbókasafn Íslands hefur eina starfsstöð, í Kópavogi, þaðan sem það þjónar öllu landinu. Á safninu eru tvær deildir; útlána- og upplýsingadeild með two starfsmenn og framleiðslu- og tæknideild með fjóra starfsmenn. Alls eru starfsmenn sjö að forstöðumanni meðtöldum. Að auki starfa lesrarar á safninu í verktöku.

Helstu verkefni útlána- og upplýsingadeildar

Útlána- og upplýsingadeild aðstoðar lánþega í öllum samskiptum við safnið og starfsfólk tekur þátt í að þróa leiðir til bættrar þjónustu. Þjónusta deildarinnar er félagsleg í eðli sínu og byggir á persónulegri nálgun sem stuðlar markvisst að því að rjúfa einangrun og efla þannig lífsgæði þeirra sem ekki geta lesið prentað mál.

Útlánadeild sér um allar umsóknir og fer yfir þau vottorð sem berast og er í góðu samstarfi við sérfræðinga, svo sem sérkennara og lækna. Þá sér deildin um að svara almennum erindum og fyrirspurnum í síma og með tölvupósti og aðstoða þá lánþega sem þess óska. Einnig heldur deildin utan um óskir um að tilteknar bækur verði gerðar aðgengilegar og veitir lánþegum tæknilega aðstoð.

Um 7% útlána eru í formi geisladiska og fækkar um tæplega 1 prósentustig en ef tekið er mið af stykkjatali geisladiska fækkaði þeim um 10% á milli ára. Geisladiskanotkun hefur frá árinu 2018 farið niður um 50% og er því í góðu samræmi við breytingar og rafrænar tæknilausnir. Einn liður í þeirri þróun er að bjóða elsta aldurshópnum upp á aðstoð við að nota safnið með rafrænum hætti. Tæknipróun er mikilvæg en samhliða henni þarf að passa upp á þá lánþega sem illa geta nýtt sér tæknilausnir og finna jafnvægið á milli þess að fylgjast vel með og verja um leið þann hóp sem enn þarfnað annars konar þjónustu. Þannig þjónustar útlánadeildin lánþega sem þurfa geisladiska og þá sem nýta vefvarpstæki Blindrafélagsins á persónulegan og alúðlegan hátt.

Hlustun á hljóðbækur eykur lífsgæði og rýfur félagslega einangrun. Þeir hópar sem nýttu safnið mest árið 2024 voru eins og fyrri ár blindir og sjónskertir og elstu lánþegarnir.



Helstu verkefni framleiðslu- og tæknideildar

Framleiðslu- og tæknideild ber ábyrgð á tæknilegum rekstri og framleiðslu á aðgengilegu efni fyrir lánþega safnsins. Þetta felur meðal annars í sér að tryggja að viðeigandi tækni til rekstrar og framleiðslu sé til staðar og virki rétt samkvæmt þeim stöðlum og kröfum sem eiga við.

Til að tryggja þetta tekur deildin virkan þátt í alþjóðasamstarfi, ekki síst til að fylgjast með þróun mála, en einnig til að einfalda, nútímovæða og ná fram hagræðingu í tæknilegum rekstri með notkun og aðlögun á samræmdum lausnum systurstofnana okkar. Einnig sér deildin, að hluta, um samstarf Hljóðbókasafnsins á innlendum vettvangi, meðal annars sem hluti af Máltækniáætlun stjórnvalda. Samskipti við þjónustuaðila tölvukerfa eru einnig á ábyrgð deildarinnar.

Deildin hefur til umráða fjögur hljóðver en safnið kaupir einnig hljóðbækur af útgefendum og gerir þær þannig úr garði að þær henti blindum og sjónskertum. Að velja inn og vera í samskiptum við lesara, undirbúa bækur og ganga frá þeim eftir innlestur er mikilvægur þáttur starfseminnar, auk þess að lagfæra og yfirfara eldri bækur.

Á síðustu árum hefur verið lögð áhersla á að gera fleiri hljóðbækur með texta og þá sérstaklega námsbækur, sú breyting skiptir verulegu máli fyrir lesblinda og hefur mælst vel fyrir. Safnið leggur sérstaka áherslu á gerð námsbóka fyrir framhaldsskólastig og er því í góðum tengslum við skóla og námsráðgjafa. Einnig hefur notkun talgervla hjá safninu aukist enda hafa orðið miklar framfarir í gerð íslenskra talgervla.

Umbætur á kerfum

Jafnt og þétt er unnið að því að bæta stafræn miðlunarkerfi safnsins og gera þau öruggari, bæði hvað varðar rekstur og öryggi gagna. Á árinu var stigið stórt skref í þessa átt með hönnun og uppsetningu nýs bakendakerfis miðlunar þar sem byggt er á kerfum sem systursafn okkar í Danmörku, Nota, hefur þróað á síðustu árum.

Systursafn okkar í Svíþjóð, MTM, tók í kjölfarið ákvörðun um að nýta sér einnig miðlunarhugbúnað Nota og í bígerð er að norska safnið, Tibi, geri slíkt hið sama. Þetta hópefli er mjög góðar fréttir fyrir Hljóðbókasafnið þar sem þróun og rekstur kerfisins verður því tryggari sem fleiri eru að nota það og bæði MTM og Tibi búa yfir öflugum tölvudeildum sem munu styrkja þróun kerfisins á komandi árum.

Í beinu framhaldi af þessari vinnu hefur verið unnið að því að innleiða nýtt app frá Nota en ekki tókst að ljúka þeirri vinnu á árinu. Stefnt er að því að nýtt app komist í loftið á fyrstu mánuðum ársins 2025. Í nýju appi verður hægt að nýta rafræn skilríki, sem er mikið fagnaðarefni fyrir marga lánþega.



Lesarar hittust á vorhátíð og báru saman bækur sínar.



Skáldsagan Eyjar eftir Gróu Finnsdóttur er sögð af mæðgum og það voru mæðgur sem lásu bókina inn fyrir safnið, þær Súsanna Margrét Gestsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir.

Í hópi lesara er hæfileikafólk af öllu tagi og starf þeirra er mikils metið.

Nýr vefur og stafrænt pósthólf

Hljóðbókasafn Íslands
Fyrir blinda, sjónskerta og fólk með lestrarhömlun

Efnisyfirlit

Aðgangar að Hljóðbókasafni
Árgild
Samningar og lög
Spurningar og svör
Um Hljóðbókasafn Íslands

Bjónustugátt

Haftu samband
Fara á bókasafnið
Sækja um aðgang

Fara á bókasafnið

Umsókn

Kynning á Hljóðbókasafni Íslands

Hljóðbókasafn Íslands gefur öllum sem búa við sjónskeiðingu eða lestrarþörlugleika tækifær til að njóta bóka og stunda nám.

Horfa á myndband →

Forsíða vefs Hljóðbókasafnsins á island.is

Á árinu var ákveðið að skilja á milli stjórnsýslu- og kynningarvefs safnsins og lánþegavefs. Vefsvæðið Island.is hentaði ekki sem lánþegavefur og því var ákveðið að nota áfram gamla vefinn og tengja þar á milli. Gamli vefurinn er þá í dag miðlunarvefur hljóðbóka og ígildi „míns svæðis“ fyrir lánþega.

Stjórnsýsluvefur var settur upp á Island.is, í samræmi við stefnu stjórnvalda um vefmál stofnana, og þar er að finna allar almennar upplýsingar um safnið, lögbundið hlutverk þess, upplýsingar um hverjir eigi rétt á þjónustunni og samskiptaleiðir við Hljóðbókasafnið.

Vinna við stafrænt pósthólf hófst einnig á árinu svo tryggja megi betur öryggi gagna og öruggar boðleiðir við lánþega í samræmi við kröfu um aukna skilvirkni ríkisstofnana.

Stefnumótun og áherslur

Mikilvægasta einstaka verkefnið er að tryggja að safnið geti staðið við lögbundna þjónustu við lánþega.

Áfram var unnið í samræmi við stefnu safnsins (Stefna og framtíðarsýn Hljóðbókasafns Íslands 2022–2025) og aðgerðabundin markmið. Verkefnin eru unnin undir fjórum flokkum; þjónusta, tæknimál, lögbundið hlutverk og ímynd.

Mælanleg og aðgerðabundin markmið fyrir kjarnastarfsemi Hljóðbókasafns Íslands eru:

- Að efla safnkost, bæði með framleiðslu efnis og með því að kaupa hljóðbækur af útgefendum, svo tryggja megi aðgengi lánþega að menningu og upplýsingum og þar með þátttöku í samfélaginu.
- Að veita persónulega og góða þjónustu og framleiða og laga efnisval að þörfum og óskum lánþega.
- Að nýta tæknilausnir svo aðgengi að safninu sé tryggt og tengingar traustar.
- Að auka og bæta samstarf við hagaðila.
- Góð nýting fjármuna.

Tibi búa yfir öflugum tölvudeildum sem munu styrkja þróun kerfisins á komandi árum.

Ávallt er stefnt að því að bæta við fjölbreyttu safnefni og þjóna ólíkum hópum með því að:

- Efla önnur tungumál en íslensku, bæði hvað varðar safnkost og aðgengi.
- Gera efni safnsins enn aðgengilegra, til að mæta auknum kröfum um aðgengileika – meðal annars með því að samstilla hljóð og texta.
- Nýta lausnir Máltaekniáætlunar.

Kjarninn í vinnu safnsins er að finna leiðir og lausnir til að veita framúrskarandi þjónustu með samvinnu og alúð að leiðarljósi.

Er þetta í samræmi við gildi safnsins sem eru þjónusta, alúð og samvinna.

Gildi safnsins eru þjónusta, alúð og samvinna.




Fjármál

Á safninu starfa sjö starfsmenn í sjö stöðugildum. Rekstur á árinu var í samræmi við gildandi áætlanir og viðbótarfjármagn sem fékkst til nauðsynlegra umbótaverkefna nýttist vel.

Á árinu 2024 fóru 44% í laun og 38% í aðkeypta þjónustu. Þar undir færast verktakalaun til lesara, bóttagreiðslur til rithöfunda, samningar við Rithöfundasamband Íslands og Myndstef, rekstur tölvukerfa og hýsing gagna. Húsnæðiskostnaður var 10% af heildarútgjöldum, þar næst komu rekstrarvörur sem voru 5%, 2% fóru í ferðir og fundi og 1% í annan rekstrarkostnað.

Safnið fær sértekjur af árgjöldum sem nema um 13% af rekstrargjöldum. Ágætlega hefur tekist að ná niður halla frá 2022 og 2023 með því að gæta aðhalds. Þó varð ekki komist hjá því að hefja vinnu við stóra uppfærslu á dreifingarkerfi safnsins þar sem bakendakerfi og app voru orðin úrelt og stuðningi við þau að ljúka af hálfu þjónustuaðila. Einnig er stöðug þörf á að bæta öryggi gagna, reksturs og persónuupplýsinga og hefur verið gert tölувvert átak í þeim málum á liðnum árum og verður þeirri vinnu framhaldið, að hluta til með netöryggisstyrk Eyvarar sem fékkst í upphafi árs 2025. Markmið styrksins er að efla netöryggi og varnir og stuðla þannig að öryggi gagnvart netarásum.



Mynd 1. Skipting rekstrargjalda á skífuriti.

„Sonur minn fékk aðgang að Hljóðbókasafninu og hefur það hjálpað honum einstaklega mikið með sína lesbíndu og aukið áhuga hans á lestri.“

Húsnæðismál

Um nokkurt skeið hefur staðið til að safnið flytji og hefur Blíndrafélagið sýnt því mikinn áhuga að safnið flytji aftur í Hús Blíndrafélagsins að Hamrahlíð 17 í Reykjavík en þar var Blíndrabókasafn Íslands áður til húsa.

Fyrir 30 árum, eða 1994, flutti safnið úr Hamrahlíðinni í Kópavoginn enda þurfti mikið rými undir allar snældurnar og geisladiskana. Nú hefur starfsemin breyst mikið og húsnæðið er óþarflega stórt þegar um rafrænt safn er að ræða.

Vinna vegna fyrirhugaðra flutninga var unnin í samvinnu við Framkvæmdasýsluna – Ríkiseignir með samþykki fagráðuneytis. Útbúnar voru teikningar fyrir mögulegt rými á 2. hæð að Hamrahlíð 17. Samhliða þessari vinnu sat forstöðumaður fundi í menningar- og viðskiptaráðuneyti ásamt landsbókaverði og starfsmönnum ráðuneytis þar sem fram fór frumathugun á fýsileika sameiningar Hljóðbókasafns og Landsbókasafns. Þeirri vinnu verður haldið áfram á árinu 2025.

Á árinu voru
30 ár frá því að
Blíndrabókasafnið
flutti í Kópavoginn,
að Digranesvegi 5.




Gervigreind og máltaekni

Gervigreindin er orðin stór hluti af samféluginu og fyrirsjáanlegt að notkun gervigreindar eigi eftir að hafa áhrif á rafræna þjónustu Hljóðbókasafnsins. Starfsmenn fylgjast með þessari þróun, bæði innan IT Forum-samstarfsins og einnig innanhúss, til að bæta og flýta fyrir framleiðslu á aðgengilegu efni.

Hljóðbókasafnið tók áfram þátt í Máltaekniáætlun ríkisins, sem snýst að stærstum hluta um gervigreind, og kom að undirbúningi fyrir Máltaekniáætlun 2. Unnið var í samstarfi við máltaeknifyrirtækið Grammatek um betri íslenska talgervla. Sú vinna skilaði sér í því að í lok árs voru komnir bæði hugbúnaður og ferlar til að framleiða námsbækur sem þarf að gera aðgengilegar hratt með texta. Enn eru þó ýmsir agnúar á slíkum „lestri“ og nokkuð er í að talgervlar leysi mannlega lesara af hólmi að fullu. Afurðirnar byrjuðu að skila sér til lánþega í upphafi árs 2025.

Í samstarfi við Grammatek var hafin vinna við MathCat-verkefnið sem er samstarfsverkefni með systurstofnunum okkar á Norðurlöndum. Verkefnið snýst um að gera raungreinabækur (STEM) aðgengilegar með íslenskum talgervli en í raungreinabókum eru oft flóknar jöfnur og formúlur sem talgervlar eiga erfitt með. Sótt var um styrk úr Skerfi hjá Almannarómi og fékkst jákvætt svar við þeirri umsókn á fyrstu dögum ársins 2025.

Sérstök áhersla er lögð á að þjónusta blinda og sjónskerta og gera nemendum sem glíma við lestrarerfiðleika kleift að nálgast aðgengilegt námsefni.



Bók lesin með gervigreind

Fyrsta bókin sem gerð var aðgengileg með gervigreindartalgervli í samvinnu við máltaeknifyrirtækið Grammatek leit dagsins ljós á árinu. Verkefnið miðar að þróun íslenskra talgervilslausna fyrir hljóðbækur og er markmiðið með því að auka framboð aðgengilegra bóka. Talgervillinn Gunnar sá um upplesturinn á bókinni „Depurð : af hverju líður okkur svona illa þegar við höfum það svona gott?“ Bókin er hljóðbók með texta og full virkni bókarinnar næst með því að fylgjast með textanum meðan hlustað er.



Samstarf

Samstarf við margvíslegar stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök er Hljóðbóksafni Íslands nauðsynlegt og kært. Hér ber helst að nefna samstarf við Blindrafélagið, menntastofnanir landsins, Rithöfundasamband Íslands, Myndhöfundafélag Íslands, Samband íslenskra útgefenda og hin ýmsu hagsmunasamtök sem berjast fyrir réttindum þeirra sem eiga erfitt með lestur, svo sem Lesblindufélag Íslands og ADHD samtökin.

Rithöfundasambandið og Myndstef

Hljóðbókasafn Íslands og Rithöfundasamband Íslands (RSÍ) vinna eftir samningi frá árinu 2022 um bótagreiðslur til rithöfunda vegna ritverka sem safnið gerir aðgengileg fyrir lánþega sína. Jafnframt kveður samningurinn á um að RSÍ muni, eins og áður, annast umsjón og úthlutun bóta til allra rithöfunda og þýðenda og er aðild þeirra að sambandinu ekki nauðsynleg.

Á árinu 2024 greiddi safnið 11.176.701 krónu í bótagreiðslur til rithöfunda og 2.906.165 krónur í umsýslugjald til RSÍ sem sér um að koma bótagreiðslum til rithöfunda.

Árið 2024 var fjórða árið þar sem útlán Hljóðbókasafnsins voru talin með þegar kemur að úthlutun til rithöfunda og þýðenda úr bókasafnasjóði rithöfunda og sér RSÍ um að koma þeim greiðslum til skila fyrir safnið sem og önnur almenningsbókasöfn. Kostnaður greiðist af árlegri fjárveitingu Alþingis.

Safnið hefur gert samning við Myndstef, félag myndhöfunda, vegna birtingar á myndum í bókum og á bókakápum á vef safnsins. Greiðslur eru ekki bundnar ákveðnum höfundum heldur er um að ræða árlega heildargreiðslu sem var á árinu 852.701 króna.

Þjónustan við okkar fólk

Blindrafélagið er mikilvægur bakhjarl Hljóðbókasafnsins og samstarfsaðili. Þjónusta safnsins við blinda og sjónskerta er í forgrunni og reynt er eftir bestu getu að verða við öllum óskum um bókartitla sem blindir lánþegar þurfa.

Félagið fagnaði 85 ára afmæli á árinu en frá stofnun hefur Blindrafélagið barist fyrir því að blindir og sjónskertir geti lifað sjálfstæðu, innihaldsríku og ábyrgu lífi, og að þeim sé tryggður jafn réttur og jöfn tækifæri til ábyrgrar, virkrar og viðurkenndrar þátttöku í öllum þáttum samfélagsins.

Á aðalfundi Blindrafélagsins þann 31. maí ítrekaði fundurinn mikilvægi þess að viðhalda því aðgengi sem hefur áunnist og brýndi stjórnvöld til þess að standa vörð um sjálfstæði og starfsemi Hljóðbókasafns Íslands.

Margir í hópi blindra og sjónskertra nota vefvarpstæki og er hægt að hlusta á hljóðbækur safnsins í því. Tækið er þægilegt í notkun og er í raun talandi fjölmöglun. Bækur safnsins hafa verið fáanlegar í gegnum þessa miðlunarleið í 11 ár.

Hnignandi lestrargeta

Lánþegar eru ólíkir en stærsti hópurinn er fólk á skólaaldrinum 10-20 ára, eða yfir 50%. Mikið hefur verið rætt um hnignandi lestrargetu grunnskólabarna og í skýrslunni Hver er staðan í menntakerfinu? sem mennta- og barnamálaráðuneytið gaf út í september 2024 kemur fram að einungis 60% nemenda í 6. bekk hafi náð viðmiði 1 á lesfimiprófum. Þá hefur Félag lesblindra á Íslandi gert rannsókn sem sýnir fram á auknar líkur á að börn sem eru lesblind glími við kvíða, sem hamlar þá getu þeirra í skólastarfi.

Hljóðbókasafn Íslands finnur fyrir versnandi lestrargetu og leggur sitt af mörkum til þess að aðstoða þá sem glíma við lesblindu og/eða erfiðleika með að meðtaka prentaða texta.



Nágrannar okkar á Bókasafni Kópavogs kíktu í morgunkaffi og spjall um um bækur og bókatengt efni.

Blindrafélagið varð 85 ára á árinu og hvatti stjórnvöld á aðalfundi til að standa vörð um Hljóðbókasafnið.

Hvatningarverðlaun frá ADHD samtökunum

Hljóðbókasafn Íslands hlaut hvatningarverðlaun ADHD samtakanna á árinu fyrir ómetanlega þjónustu til handa börnum og fullorðnum með ADHD sem erfitt eiga með að nýta sér prentað mál. Verðlaunin voru afhent á málþinginu Konur – vitund og valdefling sem haldið var í Garðabæ.

Hvatningarverðlaun ADHD samtakanna eru viðurkenning sem stjórn ADHD samtakanna úthlutar til þeirra sem lagt hafa sitt af mörkum til að bæta lífsgæði fólks með ADHD á Íslandi.

Samráðshópur

Samráðshópur safnsins kom saman fjórum sinnum á árinu en núverandi hópur var skipaður af ráðherra menningarmála, Lilju D. Alfreðsdóttur, árið 2022 og er Rós María Hjörvar formaður. Samráðshópnum er ætlað að vera forstöðumanni til ráðgjafar um stefnu og önnur málefni sem varða starfsemi safnsins. Aðalmenn í samráðshópi Hljóðbókasafns Íslands voru á árinu 2024 Andrea Dan Árnadóttir, tilnefnd af Upplýsingu, félagi bókasafns- og upplýsingafræða, Heiða Ingólfssdóttir, tilnefnd af Félagi sérkennara á Íslandi, Rós María Hjörvar, tilnefnd af Blindrafélaginu, Snævar Ívarsson, tilnefndur af Félagi lesbíndra á Íslandi og Oddbergur Eiríksson, tilnefndur af Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, undir lok árs kom Elfa Svanhildur Hermannsdóttir í hans stað.



Borgarfulltrúinn Dóra Björt Guðjónsdóttir og formaður ADHD samtakanna, Vilhjálmur Hjálmarsson, afhentu Marín Guðrúnu Hrafnssdóttur sem veitir safninu forstöðuviðurkenningarskjall og glæsilegt málverk eftir Aron Leví Beck (albeck).



Samráðshópur Hljóðbókasafns Íslands, á mynd eru: Ásdís Þórðardóttir, Andrea Dan Árnadóttir, Kristín Lilja Thorlacius Björnsson, Marín Guðrún Hrafnssdóttir, Rós María Hjörvar, Snævar Ívarsson og Oddbergur Eiríksson.

Millisafnalán og bókaveitan ABC

Alþjóðlega bókaveitan ABC (The Accessible Books Consortium) geymir efni á yfir 80 tungumálum fyrir fólk með prentleturshömlun og er ætlað að einfalda stofnunum sem þjónusta þann hóp að skiptast á bókum innbyrðis, lánþegum sínum til heilla. Í framhaldi af fullgildingu Marakess-sáttmálans á Íslandi opnaðist Hljóðbókasafninu kærkominn aðgangur fyrir lánþega að þessari sameiginlegu bókaveitu.

Stærstu flokkarnir eru enska, franska og spænska, en einnig má finna þúsundir bóka á þýsku, Norðurlandamálunum og pólsku. Staðla þurfti bókfræðiupplýsingar safnkosts Hljóðbókasafnsins til að fá aðgang því þeir sem nýta ABC verða einnig að veita aðgang að eigin efni og fór sú vinna að mestu fram á árinu 2023. Að auki lána Norðurlöndin bækur sín á milli samkvæmt sérstöku samkomulagi og hefur safnið notið verulega góðs af því samstarfi.

Norrænt samstarf

Hljóðbókasafnið nýtur góðs af virku samstarfi við sambærileg söfn á Norðurlöndum. Samstarfssöfnin hafa í sameiningu lýst því yfir að allir þurfi aðgang að upplýsingum og óheft tækifæri til samskipta til að lifa sjálfstæðu lífi og taka fullan þátt í samféluginu. Yfirlýsingin endurspeglar sameiginleg grunngildi safnanna og kjarnann í starfseminni, að búa til lausnir fyrir lesendur með lestrarhömlun.

Umbótaverkefni og þróun kalla á virka þáttöku í erlendu samstarfi. Stofnanirnar á Norðurlöndum, auk Sviss og Hollands, skiptast á upplýsingum um stöðu og framþróun og vinna saman að ýmsum verkefnum, til dæmis um lagaleg málefni, tæknimál, samskipti við útgefendur, þjónustu við lánþega og gerð aðgengilegra bóka.

Samstarf af þessum toga er ómetanlegt fyrir lítið safn eins og Hljóðbókasafnið og hefur skilað sér á fjölmögum sviðum í bættri þjónustu og auknu hagræði. Þá tryggir samstarfið einnig aðgang að vinnu alþjóðasamfélagsins við að bæta aðgengi fyrir alla. Það er safninu ómetanlegt.

Hljóðbókasafnið tekur þátt í fjórum norrænum hópum. Hóparnir fjalla m.a. um lagabreytingar og þróun, tæknimál, notendaþjónustu og útgáfu án aðgreiningar.

Forstöðumenn systurstofnana á Norðurlöndum, auk safnsins í Sviss, hittast að jafnaði tvisvar á ári. Fundað var í Svíþjóð og Danmörku að þessu sinni, að auki voru haldnir tveir fjarfundir. Í lok árs fór einn starfsmaður framleiðslu- og tæknideildar í starfsmannaskipti til Nota, systurstofnunar safnsins í Danmörku, og dvaldist í Kaupmannahöfn í fjórar vikur til að fræðast betur um starfsemi tæknideilda Nota, efla samskipti og vinna að sameiginlegum verkefnum.

Safnkostur

Safnið býr yfir góðum safnkosti sem í heildina telur rúmlega 12.000 titla. Framleiðsla á bókum gekk ágætlega árið 2024 og í heildina bættust 376 titlar við safnið. Á árinu voru lesnar inn 295 bækur, auk þess sem safnið keypti 50 hljóðrit af útgefendum. Millisafnalán voru 31.

Mikil aukning hefur orðið í hljóðbókaútgáfu bókaforlaganna. Það er því eðlileg þróun að safnið kaupi hljóðbækur í meira mæli en áður. Hlutfall keypta hljóðbóka af útgefendum á árinu var 14% sem er því miður fækkun frá fyrra ári. Ástæðan er sú að stærsta bókaforlagið á Íslandi gerði færri hljóðbækur þetta árið.

Eitt af verkefnum ársins var að lagfæra eldri bækur sem standast ekki nútímakröfur um hljóðgæði og á næstu árum þarf að halda áfram að lagfæra og grisja eldra efni.



Jólabókaflóðið er alltaf mikill annatími á safninu. Hér má sjá þær bækur sem voru í lestri í nóvember.

Útgáfa án aðgreiningar

Lagaumhverfi nánustu framtíðar kallar á aðgerðir meðal útgefenda, ritstjóra, höfunda og dreifingaraðila bóka til að leggja áherslu á útgáfu án aðgreiningar frá grunni. Í þessu sambandi hefur verið talað um að bækur „fæðist“ aðgengilegar. Löggjöf Evrópusambandsins um aðgengi, í víðum skilningi, sem taka á gildi 2025, á þó aðallega við um rafbækur. Enn er ekki alveg ljóst hvaða áhrif þessi breyting muni hafa í för með sér fyrir útgefendur á Íslandi né Hljóðbókasafn Íslands.

Rafbækur hafa ekki náð miklum vinsældum hérlendis og lítil forlög verða undanskilin frá þessum kröfum. Þó er ljóst að útgáfa sem hentar blindum og fólki með prentleturshömlun felur í sér tækifæri til að stækka lesendahópinn. Lesvenjur eru einnig að breytast og bókamarkaðurinn þarf að laga sig að þeim breytingum.

Útgáfa án aðgreiningar frá fyrstu hendi er mikil réttarbót og nauðsynlegt er fyrir útgefendur að kynna sér hvernig best megi undirbúa sig undir löggjöfina.

Kynningarstarf

Hljóðbókasafn Íslands á gott samstarf við þá sem koma að málefnum blindra, sjónskertra, lesblindra og annarra sem ekki geta nýtt sér prentað letur. Kynningarstarf er liður í því að ná til þessa hóps og safnið fagnar öllum tækifærum til að kynna þjónustuna. Reglulega er kallað eftir því að Hljóðbókasafnið kynni starfsemina hjá Hringsjá, náms- og starfsendurhæfingu. Þar kemst safnið í samband við marga námsmenn 18 ára og eldri sem hafa verið frá vinnumarkaði eða námi vegna slysa, veikinda, félagslegra erfiðleika eða annarra áfalla og vilja hefja nám að nýju.

Samstarf við skóla er mikilvægt sem og samráð við námsstjóra, sérkennara og námsráðgjafa þegar kemur að því að kynna starfsemina og framleiðslu námsbóka.

Nemendum sem óska eftir sérstakri aðstoð við nám hefur farið



